

Ebba, Auðna og Bergþór, NsN og virkniumræða í Eyjum.

Dagana 11. og 12. Maí sl. fóru NsN starfsmennirnir Auðna og Bergþór til Vestmannaeyja

11. 05.

Fyrir hádegi voru umræður með starfsmönnum velferðarkerfisins í Eyjum, 10 – 15 manns mættu og tóku þátt. Ebba, Auðna og Bergþór sögðu frá sínu hlutverki, reynslu og væntingum og sjúkráþjálfari á staðnum flutti áhugavert erindi um sársauka.

Eftir hádegið voru umræður með notendum og starsmönnum Virk og Starfsorku, það voru mjög góðar umræður og mikill vilji til að koma upp virknimiðstöð ~~í~~ Ebba sagði þeim frá mikilvægi virknimiðstöðvar, Hlutverkasetri og fleiru. Síðan tók Bergþór við og fræddi þau um sína reynslu, starf fulltrúa notenda og NsN og Auðna um sína reynslu, mikilvægi stuðnings við nám og NsN.

Það sköpuðust góðar umræður og notendur og starfsmenn tjáðu sig mikið um mikilvægi virknimiðstöðvar í Eyjum, mikið rætt um að fyrirtæki ættu að gefa notendum færi á að vinna part úr degi eða viku hverju sinni.

Um kvöldið var fundur með aðstandendum sem var mjög athyglisverður á margan hátt. Talað var um mikilvægi stuðnings og Ebba sagði frá því hversu gott væri fyrir aðstandendur að halda sínu striki og næra sig sjálfan þó svo að maður væri aðstandandi. Einnig kom fram hvursu mikilvægt það er að vera í sambandi við notendur þó að það sé jafnvel ekki mikið.

Um morguninn daginn eftir var fundur með atvinnurekendum. Margt var rætt þar með talið hve gott væri að fá að vinna og að tekið sé tillit til notenda varðandi fjarverur. Þar var einnig kona sem lýsti notendareynslu en hún fór að þjást af liðagigt og þurfti að taka sér veikindafrí part úr degi en er orðin fullvirk aftur eftir mikla sjálfvinnu. Fulltrúi Vestmannaeyja í Atvinnu með stuðningi flutti einnig erindi. Við þrjú, Ebba, Auðna og Bergþór tóku þátt í umræðunum og sögðu frá sinni reynslu og meira til.

Til að vera viss um að þessi umræða næði til bæjarbúa þá hafði Bergþór samband við Eyjafréttir og fékk ljósmyndara til að koma og taka myndir, blaðmaður frá þeim mun ræða við Hrefnu, iðjuþjálfara hjá Starfsorku, í vikunni eftir helgina 14. – 15.

Klukkan tvö var haldið heim með Herjólfri eftir annasama daga. En þó svo að mikið hafi verið unnið gafst tækifæri á því að fara í bátsferð í kringum eyjuna og margt var gert til að auðga andann milli funda.